


Reynir Hauksson
gítarleikari



Sumartónleikar Listasafns Sigurjóns Ólafssonar
þriðjudaginn 3. júlí 2018 kl. 20:30

Efnisskrá

Roland Dyens 1955 – 2016	Tango en skai
Paco de Lucía 1947 – 2014	Reflejo de Luna (Granaina)
Þjóðlag	Bulerias de Jerez
Reynir Hauksson f. 1989	Como bailan los caballos (Zapateado)
"	Ramadania (Soleá por Buleria)
Reynir Hauksson	Mammút (Rondeña)
"	Estrella de mayo (Soleá)
"	San Matias (Bulerias)
"	Indigo (Alegrias)

Tango en skai

Roland Dyens

Argentínskur Tangó saminn af hinum franska Roland Dyens. Gítarleikarinn Roland Dyens var einn af mikilvægustu flytjendum og tónskáldum klassíska gítarsins. Hann samdi verk í hinum ýmsu stílum og vann að auki gott starf í því að umrita þekkt Djaslög fyrir klassíska gítarinn.

Reflejo de Luna (Granaina)

Paco de Lucía

Gítarleikarinn Paco de Lucía var mikilvægasti Flamenco listamaður samtímans og sá sem bar helst ábyrgð á því að Flamenco tónlistin varð fræg fyrir utan Spán. Reflejo de Luna kom fyrst út á plötunni Fuente y Caudal sem er hornsteinn samtíma Flamenco gítarleiks.

Bulerías frá Jerez

þjóðlag

Stíllinn Bulerias kemur frá Jerez de la Frontera á Spáni. Bulerias er einn vinsælasti stíllinn í Flamenco og er órjúfanlegur hluti af efnisskrá Flamenco tónleika

Como bailan los caballos (Zapateado)

Reynir Hauksson

Þannig dansa hestarnir. Zapateado er tækni sem dansarar læra til að mynda rytmísk munstur í fótstappi. Á fyrri hluta síðustu aldar tóku gítarleikarar þetta upp í tónsmíðum sínum. Zapateado er eini stíllinn í Flamenco sem ekki er hefð fyrir því að syngja.

Ramadania (Soleá por Bulería)

Reynir Hauksson

Þegar ryþmi Soleá er leikinn í tónum Bulería er útkoman Soleá por Bulería. Ramadania var samin í miðri föstu tónskáldsins og vísar titillinn til þess.

Mammút (Rondeña)

Reynir Hauksson

Gítarleikarinn Ramón Montoya útbjó stíllinn Rondeña og hann er sá nýjasti í Flamenco sem náð hefur að festa sig í sessi. Rondeña er abstrakt, en tónamálið er mjög einkennandi. Rondeña nýtir sér einnig tónamál sem heyrst hefur í gegnum aldirnar á Íslandi.

Estrella de mayo (Soleá)

Reynir Hauksson

Soleá er móðurstíllinn, án hennar væri ekkert Flamenco. Soleá er upphaf og endir Flamenco, það einfaldasta og það flóknasta. Þessi Soleá var saminn í ástandi mikillar heimprár til föðurlands tónskáldsins.

San Matias (Bulerías)

Reynir Hauksson

Bulerías frá Íslandi þar sem önnur nálgun er tekin á hrynninn án þess að segja skilið við upprunann.

Indigo (Alegrias)

Reynir Hauksson

Alegrias þýðir hamingja og tónsmíðar í þeim stíl þrúfa að bera þess merki.

Gítarleikarinn og tónskáldið **Reynir Hauksson** nam klassískan gítarleik í Tónlistarskóla FÍH undir handleiðslu Snorra Arnar Snorrasonar og útskrifaðist þaðan árið 2015. Einnig lagði hann stund á rafgítarnám við sama skóla. Að námi loknu bjó hann í Noregi um stund þar sem hann starfaði sem hljóðfæraleikari áður en hann hélt til Granada á Spáni til að leggja stund á Flamenco gítarleik. Meðleikarar og leiðbeinendur þar hafa verið Alberto Fernández López, Jerónimo Maya og Rubem Dantas sem allir eru leiðandi listamenn innan Flamenco tónlistar.

Reynir hefur allan sinn feril verið iðinn við tónleikahald og komið fram undir ýmsum formerkjum, sem einleikari og í hljómsveitum. Hann hefur spilað á mörgum tónlistarhátíðum hérlendis og erlendis, meðal annars Iceland Airwaves, La Noche en Blanco og Veke revyen. Síðustu ár hefur Reynir einbeitt sér í auknum mæli að einleikstónleikum bæði á Íslandi og á Spáni.

Reynir Hauksson studied classical guitar in FÍH Academy of Music in Reykjavík, under the guidance of Snorri Örn Snorrason, and graduated in 2015. After finishing his studies in Iceland he moved to Norway where he worked as a music performer. Today Reynir resides in Granada in Spain where he studies and performs Flamenco music. His instructors and associates include Alberto Fernández López, Jerónimo Maya and Rubem Dantas, who all are leading forces in the evolution of the Flamenco music.

Throughout his career, Reynir has been an active performer of music in various forms. He has played in major music festivals in Iceland and abroad, for example *Iceland Airwaves Music Festival*, *La Noche en Blanco* and *Veke*. In recent years Reynir has focused more on solo concerts to promote the repertoire of the classical- and Flamenco guitar.